

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. apríl 2026

Mál nr. S-86/2026:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

X

(Elimar Hauksson lögmaður)

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður réttargæslumaður brotaþola)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 7. janúar 2026, á hendur X, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir eftirgreind brot gegn stjúpdóttur sinni A, framin á tímabilinu frá vori ársins 2023 fram að hausti 2025, á sameiginlegu heimili þeirra að [...] í [...], en þá var stúlkan sex til níu ára gömul:

I.

Stórfellt brot í nánu sambandi, nauðgun, tilraun til nauðgunar og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa án samþykkis margítrekað haft önnur kynferðismök en samræði við A, með því beita hana ofbeldi og ólögumatri nauðung og með því að nýta sér yfirburði sína og traust hennar og trúnað sem stjúpfaðir og notfært sér að stúlkan gat hvorki spornað við verknaðinum né skilið þýðingu hans vegna aldurs og eftir atvikum svefndrunga, m.a. sem hér greinir:

- Ítrekað snert ber kynfæri stúlkunnar og fróað sér, er hann var að svæfa stúlkuna.
- Í að minnsta kosti tvígang reynt að setja getnaðarlim sinn inn í endaparm hennar.
- Sett kynlífstæki (buttplug) inn í endaparm hennar.
- Látið stúlkuna snerta beran getnaðarlim sinn er hann fróaði sér.
- Ítrekað látið stúlkuna snerta berar geirvörtur sínar er hann fróaði sér.
- Ítrekað látið stúlkuna sitja klovvega á andliti sínu og sleikt ber kynfæri hennar.
- Í að minnsta kosti tvígang stungið tungu sinni inn í endaparm stúlkunnar.

8. Ítrekað beðið stúlkuna um að fá að setja getnaðarlim sinn í endaparm og munn hennar.
9. Ítrekað beðið stúlkuna um að fá að sleikja kynfæri hennar.
10. Ítrekað snert kynfæri stúlkunnar og fróað sér, á meðan hún svaf.
11. Ítrekað staðið yfir stúlkunni þar sem hún svaf og fróað sér uns hann fékk sáðlát í andlit hennar og kodda.
12. Ítrekað sett getnaðarlim sinn á varir og upp í munn stúlkunnar þar sem hún svaf og fengið sáðlát í munn hennar.

Með háttseminni ógnaði ákærði lífi, heilsu og velferð A endurtekið og á sérstaklega sársaukafullan, meiðandi og alvarlegan hátt.

Háttsemi ákærða telst varða við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga, að auki teljast ákæruliðir 1–7 varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. sömu laga, ákæruliðir 8. og 9. við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., laganna og ákæruliðir 10–12 við 1. og 2. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. laganna.

II.

Stórfellt brot í nánu sambandi og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa ítrekað áreitt A kynferðislega með kynferðislegu tali, s.s. að kynfæri hennar væru „djúsi,“ snert rass hennar og sýnt henni klámmyndbönd og kynlífshjálpartæki og beðið hana um að prófa tækin. Með háttseminni ógnað ákærði lífi, heilsu og velferð A endurtekið og á sérstaklega sársaukafullan, meiðandi og alvarlegan hátt.

Háttsemi ákærða telst varða við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu B, kt. [...], er þess krafist, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, A, kt. [...], að ákærða verði gert að greiða miskabætur að fjárhæð kr. 6.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. júní 2023, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun réttargæslumanns að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Ákærði gengst við brotum í ákæruliðum I.2, I.3, I.4, I.5, I.7, I.8, I.9, I.11 og II en neitar sök að hluta í ákæruliðum I.1, I.6, I.10. og I.12 og játar að hluta.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa, lækkunar bótakröfu og hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Málsatvik

Þann 14. október 2025 voru lögreglumenn sendir að [...] í [...] eftir að móðir brotaþola hafði tilkynnt að barnsfaðir hennar hefði beitt dóttur hennar kynferðisofbeldi um tveggja ára skeið. Lögregla ræddi við móðurina í lögreglubifreið fyrir utan heimilið. Hún greindi frá því að hún ætti tvær dætur með ákærða auk þess að eiga brotaþola úr fyrra sambandi. Vinkona hennar væri inni í herbergi með dætrum hennar, en ákærði sæti í stofunni við tölvu.

Móðirin kvað dóttur sína hafa tjáð sér þennan sama dag að ákærði hefði ítrekað brotið á henni kynferðislega. Brotaþoli hefði lýst því að þegar móðir hennar væri ekki heima hefði ákærði sett lim sinn í munn hennar og hún hefði talað um hvítt slím við munninn í kjölfarið. Hún hefði einnig sagst stundum vakna á nóttunni með lim ákærða við andlit sitt og að hann snerti hana, setti fingur inn í kynfæri hennar og hreyfði þá í hringi. Þá hefði hann reynt að sleikja hana. Brotaþoli hefði sagt þetta síðast hafa gerst fyrir nokkrum dögum, en algengt væri að hún vaknaði með ákærða yfir sér. Þá hefði hún jafnframt talið líklegt að hún vaknaði ekki í öll skiptin, þar sem hún væri stundum með slím á andlitinu og óbragð í munni að morgni.

Brotaþoli hefði einnig sagt móður sinni frá atviki sem hefði átt sér stað þegar hún var í 2. bekk. Á þeim tíma hefði hún þurft aðstoð við að þurrka sér eftir salernisferðir og kallað eftir hjálp ákærða. Hann hefði þá sett einhvern hlut upp í endaparm hennar, sem hefði valdið því að hún fór að hágráta. Þegar hún hefði spurt ákærða hvað þetta væri hefði hann sagt að um „rassahring“ væri að ræða. Hún hefði beðið hann að fjarlægja hlutinn, en hann hefði ekki gert það strax. Lýsingar brotaþola bentu til þess að um „buttplug“ væri að ræða, og hún hefði nefnt að demantur væri ofan á honum. Móðirin kvað slíkan hlut vera í skókassa inni í skáp á heimilinu.

Þegar hún hefði spurt brotaþola hvers vegna hún hefði ekki sagt frá þessu fyrr hefði hún fengið þau svör að henni liði eins og hún væri kjáni, þar sem henni hefðu verið sýnd fræðslumyndbönd um einkastaði í skólanum. Ákærði hefði sagt henni að hún mætti ekki segja móður sinni frá þessu, þar sem þetta væri þeirra leyndarmál.

Móðirin greindi frá því að hún hefði tekið eftir óeðlilegri hegðun brotaþola, m.a. að hún dansaði og hristi rassinn í átt að ákærða. Ákærði hefði jafnframt oft slegið brotaþola á rassinn frá því hún var fimm ára, þrátt fyrir að hafa ítrekað verið sagt að hætta. Hún lýsti einnig tveimur atvikum þar sem hún fékk slæma tilfinningu, m.a. þegar hún

hefði komið að ákærða inni í stofu að nóttu til. Hann hefði sagst vera að nota veip, en veiptækið hans hefði verið í þvottahúsinu. Herbergi brotaþola væri við hlið stofunnar. Móðirin kvaðst hafa unnið mikið á kvöldin, sérstaklega síðustu sex mánuði.

Eftir að ákærði hafði verið fjarlægður af heimilinu ræddi lögreglumaður við brotaþola. Hún greindi þá frá því að ákærði hefði stundum sett getnaðarlim sinn að eða í munninn á henni hennar þegar hún lá í rúminu sínu og hún hefði í nokkur skipti vaknað við slíkt. Hún lýsti því að hann færi ekki úr buxunum heldur drægi þær aðeins niður. Brotaþoli sagði að ákærði hefði oft viljað snerta einkastað hennar og að hann hefði stundum dregið niður nærbuxur hennar, en hún alltaf dregið þær strax upp aftur. Þetta hefði helst gerst á nóttunni og þegar móðir hennar væri ekki heima, t.d. þegar hún væri á vakt hjá [...] eða í leikhúsi.

Brotaþoli lýsti því að hún hefði vanist því að opna munninn og teygja á honum á morgnana til að kanna hvort eitthvað væri fast í munnvikunum. Ef hún fyndi eitthvað færi hún inn á bað til að þvo sér og þurrka sér áður en hún færi að borða. Hún sagðist stundum vakna með hvíta bletti í andlitinu. Hún kvaðst hafa fengið þau loforð frá ákærða að hann myndi hætta þessari háttsemi, en að hann hefði aldrei staðið við það.

Hún taldi að háttsemin hefði hafist þegar hún var í 2. bekk og að hugsanlegt væri að eitthvað hefði átt sér stað þegar hún var enn í 1. bekk. Hún sagði að síðast hefði ákærði komið inn til hennar að nóttu til og sett liminn við munn hennar fyrir nokkrum dögum eða mögulega viku síðan.

Aðspurð hvers vegna hún hefði ákveðið að segja móður sinni frá þetta tiltekna kvöld greindi brotaþoli frá því að móðir hennar og ákærði hefðu rifist um heimilisstörf. Ákærði hefði síðan setið við tölvuna, sem hefði gefið henni tækifæri til að ræða við móður sína án truflunar. Hún sagðist hafa fengið fræðslu í skólanum um einkastaði og fundið fyrir vanlíðan yfir því að hafa ekki sagt frá því sem ákærði væri að gera þegar sú fræðsla fór fram. Hún hefði ekki sagt neinum öðrum frá.

Brotaþoli gaf skýrslu í Barnahúsi 20. október 2025. Hún greindi frá því að ákærði hefði einn daginn hafið kynferðislega misnotkun á henni og beðið hana um að segja móður sinni ekki frá, m.a. þar sem það yrði erfitt fyrir móður hennar að sjá um þrjár dætur ein. Brotaþoli taldi að ákærði hefði sagt þetta til að forðast fangelsisvist og vegna þess að hann vissi að háttsemin væri röng. Hún kvað misnotkunina hafa staðið yfir í tvö ár, á meðan hún var í 2. og 3. bekk, þar til hún ákvað að segja móður sinni frá. Hún lýsti því að líf hennar væri nú orðið eðlilegra þar sem ákærði væri farinn af heimilinu.

Hún sagði að síðast hefði ákærði sett kynfæri sín í munn hennar þegar hún svaf. Þetta hefði gerst mjög oft og hún stundum vaknað við það. Hún lýsti því að hann stæði þá yfir henni, með kynfærin fyrir ofan andlit hennar, og hún muldraði stundum: „Hvað

ertu að gera?“ Hann hefði þá svarað á borð við: „Af hverju ertu vakandi?“ Hann hefði oft verið með símann sinn og horft á myndbönd á meðan. Hann drægi buxur eða nærbuxur aðeins niður fyrir kynfærin og væri stundum ber að ofan. Hún sagðist hafa beðið hann um að hætta, hann lofað því, en samt haldið áfram.

Brotapoli lýsti því að hún ætti það til að vakna með bleytu á andlitinu, á kinnum og kringum munninn. Ef hún vaknaði ekki við ákærða hefði hún stundum fundið fyrir „hörðu“ efni á þessum stöðum að morgni. Hún taldi að þetta væri sæði, þar sem ákærði hefði oft snert á sér kynfærin við hlið rúmsins og sett í munn hennar. Hún sagðist einnig hafa fengið fræðslu frá móður sinni um hvað sæði væri og ákærði hefði sjálfur sagt henni það. Hún lýsti því sem mjúku, blautu og slímugu, líkt og brotnu egg. Hún sagði að stundum færi þetta í munn hennar og hún fyndi þá óþægilegt bragð. Hún kvað ákærða hafa kallað hana „dúkkuna sína“ þar sem hún svæfi fast og hann gæti þá sett kynfærin í munn hennar.

Atvikin hefðu átt sér stað þegar móðir hennar var að svæfa systur hennar, væri í vinnu hjá [...], í leikhúsi eða sofandi. Hún sagði að ákærði hefði fylgst með ferðum móður hennar með GPS og vissi því hvenær hún væri að koma heim. Móðir hennar sendi einnig skilaboð þegar hún væri á leiðinni heim og þá hefði ákærði sagt brotapolu að fara upp í rúm.

Brotapoli lýsti því að ákærði hefði stundum verið lengi inni á baðherbergi og hún litið inn. Þá hefði hún séð hann snerta kynfæri sín og horfa á „ógeðsleg“ myndbönd. Þegar hún hefði komið inn hefði hann reynt að fela kynfærin vegna þess að hún hefði beðið hann að hætta þessu. Hann færi hins vegar aftur að gera þetta inni í stofu.

Hún greindi frá því að ákærði hefði ítrekað beðið hana um að setjast ofan á andlit hans. Hún hefði alltaf neitað, en tvisvar hefði honum tekist að láta hana gera það. Hún sagðist hafa reynt að forðast þetta með því að segja að hún myndi meiða hann, en hann hefði sagt að svo væri ekki. Hann hefði í annað skiptið tekið hana og sett hana á andlitið á sér, dregið niður nærbuxur hennar og haldið henni. Hún hefði reynt að komast undan og sparkað í hann þar til hún losnaði. Í hitt skiptið hefði hún fundið fyrir skegginu og húðinni hans og fundist það mjög óþægilegt. Þá hefði hún náð að hlaupa í burtu þar sem ákærði var upptekinn við að snerta á sér einkastaðinn og hélt ekki í hana.

Spurð hvort eitthvað fleira hefði átt sér stað sagði brotapoli að ákærði hefði einu sinni látið hana drekka sæði. Hún hefði beðið um vatn og hann gefið henni glas sem ekki var gegnsætt. Hún hefði tekið sopa án þess að líta ofan í glasið, spýtt því út og spurt hvað þetta væri. Hann hefði þá sagt að þetta væri sæði og komið með djús í staðinn. Hún taldi að þetta hefði gerst árið 2023 eða 2024.

Brotapoli lýsti því að ákærði hefði snert klof hennar með fingrunum þegar hann var að svæfa hana. Ef hún lá á hlið færði hann sig nær henni með einkastaðinn sinn og þegar hún sneri sér við hefði hann farið að fikta í rassinum á henni, bæði innan- og utan

klæða. Hún sagðist hafa reynt að halda höndum hans frá sér en hann verið miklu sterkari. Þá hefði hann einu sinni náð að sleikja klofið á henni. Hún hefði þá legið í sófanum og horft á iPad þegar hann dró nærbuxurnar hennar hratt niður. Hún hefði þurft að henda iPadnum frá sér til að geta sparkað í hann og reynt að koma sér undan. Þegar hún sparkaði hefði opnast meira bil á milli fóta hennar og ákærði þá náð að sleikja klofið. Hún sagðist hafa fundið fyrir bleytu, séð hvað hann var að gera og fundið fyrir mikilli óþægindatilfinningu. Hún hefði þurft að sparka í andlit hans til að losna.

Ákærði hefði allt að fjórum sinnum sett getnaðarlim sinn að rassi hennar, síðast árið 2024. Þetta hefði gerst í hennar rúmi, í hjónarúminu eða í stofunni. Hann hefði annaðhvort dregið niður nærbuxur hennar eða fært þær frá og haldið henni þar sem hann vissi að hún vildi ekki gera þetta. Hún sagðist hafa reynt að snúa sér hratt við eða sparka til að fá hann til að hætta. Hann hefði látið liminn snerta rass hennar en aldrei náð að setja hann inn. Eitt sinn hefði hún viljað kaupa eitthvað í tölvuleik sem kostaði mikið og ákærði þá sagt að hún fengi það ef hún leyfði honum að setja getnaðarliminn í rass hennar. Hún hefði beðið um umhugsunarfrest, samþykkt en sagt að þetta yrði aldrei aftur. Hann hefði þá sett liminn við rass hennar en hún síðan skipt um skoðun. Hann hefði samt keypt hlutinn fyrir hana.

Brotapoli lýsti atviki frá því hún hefði verið í 2. bekk þegar hún þurfti aðstoð á salerni og ákærði kom til hennar. Hann hefði verið með svartan hring með hvítum glitrandi demanti og eftir að hafa þurrkað hana hefði hringurinn verið kominn inn í endaparm hennar. Hún sagðist hafa fundið til mikilla verkja, grátið og beðið hann um að fjarlægja hann. Hann hefði látið hana beygja sig og tekið hringinn út. Hún sagðist vita hvernig slíkur hlutur væri notaður þar sem ákærði hefði sýnt henni myndir af því á netinu.

Hún sagði að ákærði hefði sýnt henni myndbönd af nöktu fólki þar sem fólk væri að snerta kynfæri annarra. Hann hefði oft beðið hana um að snerta kynfæri sín en hún alltaf neitað. Einu sinni hefði hann þó tekið hönd hennar og látið hana snerta kynfæri sín. Hún hefði rifið höndina frá og hlaupið inn á baðherbergi til að þvo sér. Hann hefði einnig látið hana koma við geirvörturnar sínar á meðan hann snerti á sér einkastaðinn og kallað það „að nippla“. Hún sagðist hafa reynt að neita en hann samt látið hana gera þetta. Þá hefði hann kallað klofið á henni „djúsi“.

Brotapoli sagði að henni hefði liðið „ógeðslega illa“ á meðan á þessu hefði staðið og átt erfitt með svefn. Hún hefði verið reið og pirruð. Henni liði betur eftir að hafa sagt frá og væri fegin að ákærði væri farinn af heimilinu. Hún hugsaði mest um atvikin á kvöldin en gæti þá rætt þau við móður sína. Hún hefði ekki sagt neinum öðrum frá.

Læknisrannsókn var gerð á brotapolu 24. október 2025. Í læknisvottorði, dags. 29. október 2025, kemur fram að almenn líkamsskoðun hafi verið eðlileg og meýjarhaft til staðar með eðlilegu septum. Við endaparm sást mar, brúnblátt að lit, um 3x3 cm að

stærð. Niðurstaða læknisrannsóknar var að hún gæti samræmst frásögn brotþola og úti-lokaði ekki að hún hefði verið beitt kynferðislegu ofbeldi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 15. október 2025. Hann kvaðst vera í óskráðri sambúð með móður brotþola og eiga með henni tvö börn. Brotþoli hefði verið tæplega tveggja ára þegar hann hefði kynnst móður hennar. Í upphafi skýrslutöku vildi ákærði ekki tjá sig um ætluð kynferðisbrot gagnvart brotþola. Hann neitaði því að hafa kynferðislegan áhuga á börnum og kvað slíkan áhuga einungis beinast að fullorðnum konum.

Spurður um frásagnir þess efnis að hann hefði horft á klámefni í stofu eða á baðherbergi og stundað sjálfsfróun, jafnvel þótt brotþoli sæi til, kvaðst hann viðurkenna að slíkt hefði gerst nokkrum sinnum, þó væri langt um liðið. Spurður hvort honum hefði þótt það æsandi svaraði hann: „Örugglega eitthvað svoleiðis [...] ég veit það ekki.“ Hann játaði að hafa tvisvar eða þrisvar beðið brotþola um að aðstoða sig og að hún hefði einu sinni komið við kynfæri hans fyrir einu og hálfu til tveimur árum. Hann kvað slíkt ekki hafa gerst oft á árinu 2025, heldur einkum í upphafi ákærutímabilsins, þegar brotþoli hefði verið tæplega sjö ára.

Ákærði kvaðst undanfarið ár hafa farið inn í svefnherbergi brotþola þegar hún svaf og stundað þar sjálfsfróun, alls um 20 sinnum. Hann sagðist ekki geta fengið fullnægingu nema með því að horfa á klám og hefði því tekið símann með sér. Brotþoli svæfi fast og hann hefði sex til sjö sinnum látið getnaðarlim sinn snerta hana, sett hann að vörum hennar eða með svipuðum hætti. Hann játaði að hafa sett getnaðarliminn inn í munn hennar. Hann kvaðst hafa fengið sáðlát nokkrum sinnum þannig að sæði hefði lent á andliti brotþola, á koddan hennar eða sambærilegum stöðum. Hann sagðist jafnan hafa séð strax eftir háttseminni, sótt blautþurrkur og þurrkað upp. Í flestum tilvikum hefði hann þó farið út úr herberginu og lokið sjálfsfróun í stofunni eða á baðherberginu.

Hann kvað háttsemina yfirleitt hafa hafist þannig að hann stundaði sjálfsfróun í stofunni eða á baðherberginu og færi síðan inn til brotþola. Það hefði komið fyrir að hún vaknaði, en hann þá farið út og hún sofnað aftur. Einu sinni eða tvisvar hefði hann haldið áfram að fróa sér á baðherberginu og farið aftur inn til hennar skömmu síðar. Hann taldi ástæðu þess að hann færi inn til brotþola vera sambland af kynferðislegri örvun, spennu, þunglyndi og hefndarhug gagnvart sambýliskonu sinni.

Spurður hvort hann hefði strokið kynfæri brotþola á meðan hann stundaði sjálfsfróun kvaðst hann telja að það hefði gerst „kannski tvisvar“, líklega fyrir um ári og hún hefði verið sofandi. Hann játaði að hafa reynt að setja getnaðarlim sinn í endaparm brotþola tvisvar, án árangurs. Hann játaði einnig að hafa sleikt kynfærasvæði hennar „nokkrum sinnum“.

Ákærði kvað háttsemina hafa staðið yfir í rúmlega tvö og hálf ár, frá því brotþoli var líklega í 2. bekk. Hann játaði að brotþoli hefði beðið hann um að hætta og að þau

hefðu rætt það nokkrum sinnum. Hann hefði lofað að hætta og það hefði gengið um tíma, en síðan hefði hann byrjað aftur. Atvikin hefðu átt sér stað þegar móðir brotaþola var ekki heima, einkum þegar hún var á kvöldvöktum hjá [...], sem hefði verið aðra hverja viku. Þetta hefði einnig gerst þegar móðirin og yngri dæturnar voru sofandi; hann hefði verið kynferðislega örvaður, farið inn á baðherbergi að fróa sér og síðan litið inn til brotaþola. Hann játaði að hafa í eitt til tvö skipti farið undir nærbuxur hennar.

Ákærði kvaðst oft vera mjög kynferðislega örvaður. Hann hefði sagt brotaþola að hann væri „ekki hann sjálfur“ þegar hann væri graður og ekkert væri að marka það sem hann segði þá. Hann hefði „bullað“ í henni í slíku ástandi og nýtt sér trúgirnir hennar, en þegar hann hefði fengið fullnægingu og „komið aftur“ hefði hann beðist afsökunar og sagt henni að hún ætti ekki að hlusta á hann þegar hann talaði þannig.

Brotaþoli hefði ekki alltaf verið sofandi, en það hefði þróast þannig síðasta árið. Upphaflega hefði háttsemin hafist þegar sambýliskona hans var í burtu, yngri dæturnar sofnaðar og hann að reyna að svæfa brotaþola eða hún komin í rúmið. Hann hefði farið inn á baðherbergi að fróa sér, heyrt brotaþola koma og fundið spennu við að halda áfram. Eftir fyrsta skiptið hefði honum fundist ekki aftur snúið og háttsemin versnað. Hann hefði upplifað vanlíðan og fengið sjálfsvígshugsanir vegna gjörða sinna. Þegar hann hefði fengið fullnægingu hefði hann farið til brotaþola, knúsað hana og beðist afsökunar. Hann játaði að hafa beðið hana að segja ekki frá og reynt að sannfæra hana um að gera það ekki, m.a. með því að segja að hann færi í fangelsi og systurnar myndu missa pabba sinn.

Spurður hvort hann hefði kallað brotaþola „dúkkuna sína“ kvaðst hann ekki útiloka það. Hann játaði að hafa kallað kynfærsvæði hennar „djúsi“. Hann játaði að hafa sýnt brotaþola klámefni, einkum í upphafi ákærutímabilsins, og að hafa „spilað með hausinn á henni“, m.a. með því að gefa rangar upplýsingar um efnið. Hann neitaði að hafa horft á barnaklám. Spurður hvers vegna hann hefði sýnt henni klám kvað hann það hafa verið sambland af brjálæði, greddutilfinningu og spennu.

Hann játaði að hafa fengið kynferðislega örvun við snertingu á geirvörtum sínum og að hafa tvisvar til fjórum sinnum beðið brotaþola um að gera það þegar hún gekk inn á hann á baðherberginu að stunda sjálfsfróun.

Spurður hvort hann hefði sett eitthvað í endaparm brotaþola kvaðst hann hafa sett tunguna þangað fyrir um ári síðan. Hann játaði einnig að hafa einu sinni sett lítinn „buttplug“ í endaparm hennar í stofunni. Hann taldi að brotaþola hefði fundist það óþægilegt og hann því fjarlæggt hann. Þetta hefði verið fyrir um einu og hálfu ári. Hann kvað „buttpluginn“ enn vera til í kassa með kynlífshjálpartækjum á heimilinu. Hann játaði að hafa einu sinni sýnt brotaþola kassann og boðið henni að nota „snípsugu“ í [...], sem hún hefði hafnað og það því ekki farið neitt lengra.

Spurður hvort brotaþoli hefði einhvern tímann kyngt sæði hans kvaðst hann telja að það hefði gerst einu sinni. Hann hefði verið að reyna að svæfa hana, hún verið að spila

í iPad og þau gert samkomulag um að hann keypti eitthvað í leiknum gegn því að hún kyngdi sæðinu. Hann lýsti atvikinu þannig að brotaþoli hefði legið á gólfinu með iPad og hann verið á hnjánum að fróa sér og horfa á síma sinn. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa látið hana fá sæði í glasi eða strítt henni með slíku. Hann taldi að sæði hefði hugsanlega farið í munn hennar í öðrum tilvikum þegar hann fróaði sér yfir henni sofandi.

Ákærði kvað háttsemina hafa færst yfir í að beinast að brotaþola sofandi þar sem hún hefði sífellt veitt meiri mótspyrnu. Í eitt skipti hefði hann séð mjög eftir háttsemi sinni, rætt við hana, beðist afsökunar og lofað að hætta. Þá hefði ekkert gerst í marga mánuði. Eftir það hlé hefði hann farið inn til hennar sofandi, þar sem hún gat ekki veitt mótspyrnu og haldið áfram háttseminni án vitundar hennar.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 27. október 2025. Hann kvaðst þá telja að háttsemi hans gagnvart brotaþola hefði hafist um vorið þegar brotaþoli var sex ára gömul og í 1. bekk. Hann lýsti því að í upphafi hefði hann látið brotaþola sjá efni sem hann horfði á og að hann hefði síðar reynt að halda áfram að sýna henni slíkt þrátt fyrir að hún hefði ekki viljað það. Hann kvað stóran hluta þeirra ummæla sem hann hefði beint að brotaþola hafa verið til þess fallinn að auka eigin örvun. Hann hefði síðar, þegar hann var ekki lengur graður, sagt brotaþola að hún ætti ekki að hlusta á það sem hann segði í slíkum aðstæðum.

Ákærði lýsti því að hann hefði á einhverjum tímapunkti farið að biðja brotaþola um að koma við kynfæri hans eða geirvörtur á meðan hann fróaði sér. Hún hefði í eitt skipti aðstoðað hann í stutta stund með einnota hanska, en síðan hafnað frekari þátttöku. Hann kvaðst þó ítrekað hafa beðið hana um slíkt. Þá lýsti hann því að hann hefði gert samkomulag við brotaþola um að hún fengi að halda áfram tækjanotkun gegn því að hann fengi að framkvæma tiltekna háttsemi gagnvart henni. Hann kvaðst hafa hætt þegar brotaþoli hefði kvartað undan óþægindum. Hann játaði að hafa í nokkur skipti reynt að setja getnaðarlim sinn í endaparm brotaþola, það hafi ekki tekist en hann hefði sleikt endaparm hennar tvisvar eða þrisvar. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa haldið henni fastri. Þegar hún hefði ekki viljað það hefði hann gert hlé og spurt eftir smástund hvort hann mætti gera þetta aðeins lengur.

Spurður hvort hann hefði snert kynfæri brotaþola á meðan hann stundaði sjálfsfróun kvaðst hann ekki telja það hafa gerst á sama tíma, en að hann hefði í einhverjum tilvikum snert hana og strokið þegar hann var að svæfa hana. Hann kvað viðbrögð brotaþola hafa verið misjöfn og að hann hefði í sumum tilvikum reynt aftur þrátt fyrir að hún hefði ýtt honum frá sér. Hann taldi að eitt skipti hefði átt sér stað þegar hún svaf.

Varðandi þá háttsemi að brotaþoli hafi setið á andliti hans kvaðst ákærði hafa beðið hana um það í ástandi kynferðislegrar örvunar. Hann myndi eftir einu slíku tilviki í svefnherbergi brotaþola. Það gæti þó hafa verið annað tilvik þar sem hann hefði legið í sófanum og hún hefði verið að stríða honum og sest ofan á hann og hann fært hana en

hún hefði þá verið í nærbuxum. Hann hefði sett tunguna í endaparm hennar þegar hún hefði setið á andlitinu á honum og líka þegar hann hefði verið að sleikja á henni klofið. Hann neitaði því að hafa haldið henni fastri. Hann hefði tvisvar eða þrisvar sleikt klop brotþola, í yfir fimm sekúndur, en henni hefði ekki þótt það þægilegt.

Ákærði játaði að hafa í nokkur skipti reynt að fá brotþola til að setja kynfæri hans í munn sér, en að það hefði einungis gerst þegar hún svaf. Varðandi atvik þar sem brotþoli hefði kyngt sæði hans kvaðst hann ekki geta fullyrt um að það hefði gerst, en hann hefði reynt að hitta upp í hana og brotþoli hefði sýnt merki um óþægindi, spýtt og farið að þrífa sig.

Hann hefði látið af háttseminni um tíma á árinu 2024. Eftir tveggja til þriggja mánaða hlé hefði hann aftur farið inn til hennar sofandi. Hann taldi að á árinu 2025 hefðu slík tilvik verið um 15 talsins, auk nokkurra skipta þar sem hann hefði farið inn í herbergi hennar og stundað sjálfsfróun en snúið sér að vegg og farið fram og klárað þar.

Meðal gagna málsins er vottorð C, yfirlæknis á Geðheilsumiðstöð barna, dags. 2. mars 2026. Þar kemur fram að brotþoli hafi verið í þjónustu Geðheilsumiðstöðvar með hléum frá 15. janúar 2025. Henni hafi verið vísað þangað í ágúst 2024 af sálfræðingi á mennta- og lýðheilsusviði [...] vegna einbeitingarskorts, hvatvísi, hegðunar- og samskiptavanda, auk tilfinningalegra erfiðleika. Málið hafi verið skimað af ráðgjafar- og meðferðarteymi með upplýsingum frá skóla, sálfræðingi, brotþola og móður hennar. Talið hafi verið að hún þyrfti aukinn stuðning í skóla og hafi það verið sett í farveg. Þá hafi verið gert skynúrvinnslumat og ADHD-greining lokið. Málinu hafi verið lokið hjá teyminu í maí 2025 með tilmælum um áframhaldandi þjónustu í nærumhverfi. Brotþoli hafi jafnframt verið sett á biðlista hjá lækni Geðheilsumiðstöðvar til staðfestingar og meðferðar við ADHD.

Brotþoli hafi fyrst komið til læknis 6. nóvember 2025 vegna fyrirhugaðrar ADHD-meðferðar og hafi síðan verið í reglulegri þjónustu. Mæðgurnar hafi komið sex sinnum og móðir stundum ein. Við fyrstu komu hafi móðir greint frá því að brotþoli hefði sagt frá kynferðisofbeldi og gefið skýrslu í Barnahúsi. Hún hafi lýst erfiðum aðstæðum heima, þar sem brotþoli sýndi mikla reiði, ætti erfitt með mörk, væri hortug í tali og tæki tíð reiðiköst. Svefnvandi hefði aukist eftir að hún hefði sagt frá. Ákveðið hafi verið að fresta ADHD-lyfjameðferð og einblína fyrst á að bæta líðan hennar, m.a. með svefnlyfjameðferð. Í viðtali 13. nóvember 2025 hafi brotþoli lýst sveiflukenndri líðan. Móðir hafi sagst ekki hafa leyst út svefnlyf heldur hjálpað henni að sofna með nærveru. Brotþoli hafi þá sofið samfelld og neitað martröðum. Hún hafi lýst reiði, áhyggjum og kvíða, og ákveðið hafi verið að hefja kvíðalyfjameðferð. Í viðtali viku síðar hafi komið fram að lyfið hefði ekki hjálpað; reiði hefði aukist og nokkur atvik átt sér stað. Brotþoli vildi helst liggja fyrir og forðast skóla. Þá hafi verið ákveðið að hefja

lyfjameðferð við reiðivanda. Lyfið hafi verið gefið í stigvaxandi skömmtum og virtist hafa jákvæð áhrif. Hún taki það enn. Í upphafi árs 2026 hafi ástandið verið orðið stöðugra og þá verið hafin ADHD-meðferð samhliða áframhaldandi eftirfylgd.

Í vottorði D, sálfræðings í Barnahúsi, dags. 10. mars 2026, kemur fram að brotaþoli og móðir hennar hafi sótt níu viðtöl frá 21. nóvember 2025. Brotaþoli hafi mætt vel, sýnt áhuga á fræðslu og tekið virkan þátt í samtalsmeðferð ásamt móður. Hún búi hjá einstæðri móður og tveimur yngri systur og stundi [...]. Ákærði hafi áður búið á heimilinu og gegnt föðurhlutverki, en líffræðilegur faðir brotaþola sé [...]. Brotaþoli sé komin með [...] og sé í eftirliti hjá Geðheilsumiðstöð barna vegna einkenna athyglisbrests, ofvirkni og aukinna hegðunarörðugleika.

Erfiðlega hafi gengið að mæta í skólann og hegðunarvandi hafi verið mikill bæði þar og heima. Hún taki nú lyf og líði betur, þótt vandinn sé enn til staðar. Eiginleg meðferðarvinna hafi nýlega hafist en farið hægt af stað vegna erfiðrar hegðunar og tortryggni gagnvart öðrum. Stefnt sé að því að fagaðilar myndi teymi og fundi reglulega til að tryggja samræmda þjónustu fyrir brotaþola.

Upplýsingar um líðan brotaþola hafi verið fengnar með viðtölum og sjálfsmatskvörðum. Í fyrstu fyrirlögn 7. janúar hafi hún skorað 28 stig, undir greiningarviðmiðum, en þá hafi hún verið í mikilli forðun og átt erfitt með að ræða ákærða og meint brot. Móðir hafi síðar lýst auknum áfallaeinkennum og matið hafi verið endurtekið 5. mars. Þá hafi brotaþoli skorað 41 stig og uppfyllt greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun samkvæmt DSM-5. Síðari niðurstaðan endurspeglir að mati sálfræðingsins betur frásögn og hegðun brotaþola, enda hafi hún þá treyst meðferðaraðila betur og aðstæður heima verið orðnar stöðugri.

Fram hafi komið hamlandi einkenni á fjórum þáttum listans: forðun erfiðra minninga og tilfinninga, ágengar minningar og ofurárvekni. Engin hugrofseinkenni hafi komið fram. Brotaþoli forðist að ræða atvikin og eigi erfitt með minningar tengdar meintum brotum. Hún hafi lýst mikilli vanlíðan, m.a. þegar systur hennar tali um föður sinn. Hún eigi erfitt með að treysta fullorðnum, sérstaklega körlum, og hafi lýst óöryggi, aukinni hræðslu og erfiðleikum með að vera ein. Hún óttist að ákærði eða aðrir gætu komið til hennar og hafi jafnvel viljað flytja af ótta við að ákærði komi heim þegar hann losni úr fangelsi.

Í svörum móður við sjálfsmatslista hafi komið fram 34 stig, sem sé yfir viðmiðum fyrir áfallastreituröskun. Mat móður sé í samræmi við hegðun og líðan brotaþola. Sálfræðingurinn telur að einkenni brotaþola megi rekja til meintra kynferðisbrota ákærða. Sjálfsmatskvarðar bendi einnig til verulegra kvíða- og depurðareinkenna.

Erfitt sé að segja til um langtímaáhrif en líðan brotaþola sé í samræmi við það sem þekktist hjá börnum sem hafa orðið fyrir áföllum. Meint brot hafi haft veruleg áhrif

á daglegt líf, tilfinningar og öryggistilfinningu hennar. Afleiðingar kynferðisbrota geti verið langvarandi og komið fram á mismunandi skeiðum lífsins. Sálfræðimeðferð brotaþola gangi vel og hún tileinki sér úrræði, en meðferð sé langt frá því lokið og muni halda áfram um óákveðinn tíma með áherslu á að draga úr áfallastreitu og annarri vanlíðan.

Undir meðferð málsins var E geðlæknir dómkvaddur sem matsmaður til að leggja mat á geðheilbrigði ákærða. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum matsins í niðurstöðukafla dómsins.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði greindi frá því að upphaf brota hans gegn brotaþola hefði verið eftir að sambyliskona hans, móðir brotaþola, fór að vinna kvöldvaktir frá kl. [...] til [...]. Þau hefðu reynt að svæfa yngri dætur þeirra áður en hún fór og hann hefði jafnan verið einn með brotaþola. Hann kvað oft hafa verið erfitt að koma henni í rúmið og hann upplifað að hann fengi lítið tækifæri til að gegna föðurhlutverki gagnvart henni. Stundum hefði móðir brotaþola þurft að fara í vinnu áður en yngri dæturnar sofnuðu og hann þá verið uppgefinn eftir að hafa sinnt þeim. Í slíkum tilvikum hefði hann leyft brotaþola að vera lengur í iPad og sjálfur farið inn á baðherbergi til að stunda sjálfsfróun vegna vanlíðanar.

Fyrsta atvikið hefði átt sér stað þegar brotaþoli hefði komið inn á baðherbergi á meðan hann var að stunda sjálfsfróun og horfði á klámefni í síma sínum, sem hann hefði sýnt henni. Brotaþoli hefði þá verið um sex og hálfis árs. Hann hefði sent hana aftur inn í herbergi sitt og lokið sér af, en síðan fengið kvíðakast og áttað sig á að háttsemin væri röng. Hann hefði farið inn til hennar, beðist afsökunar og sagt að þetta yrði að vera leyndarmál þeirra.

Síðan hefðu atvikin farið að eiga sér stað þegar móðir brotaþola var í vinnu, ekki í hvert skipti en þó oft. Hann kvaðst hafa upplifað háttsemina sem ömurlega og kviðið kvöldvöktum sambyliskonu sinnar. Hann hefði ekki skipulagt brotin og jafnvel reynt að fá hana til að taka færri vaktir. Hann skýrði háttsemina með því að hann ætti erfitt með sjálfstjórn og væri „ekki skýr í hausnum“ þegar hann yrði kynferðislega örvaður. Hann hefði ekki viljað halda þessu áfram og stundum tekist að hætta tímabundið.

Ákærði kvað brotin skiptast í tvö tímabil. Fyrra tímabilið hefði hafist um vorið 2023 og brotaþoli þá ávallt verið vakandi. Hann hefði síðar brotnað niður, sagt brotaþola að hann ætlaði að hætta og beðið hana um fyrirgefningu. Eftir það hefði hann náð að hætta háttseminni í marga mánuði, frá hausti 2024 og fram á vor eða sumar 2025. Þá hefði síðara tímabilið hafist, þar sem brotaþoli hafi yfirleitt verið sofandi eða hann að svæfa hana. Þá hefði sambyliskona hans hætt kvöldvöktum. Hann kvað tíðni brota hafa verið breytilega, stundum vikulega en stundum með lengra millibili. Aðspurður taldi hann að heildarfjöldi skipta væri á bilinu 40–45.

Ákærði jataði að brotþoli hefði stundum beðið hann um að hætta og kvaðst þá yfirleitt hafa gert það. Hann hefði stundum þrýst á hana en ef hún héldi áfram að segja nei hefði hann hætt. Í einhverjum tilvikum hefði hún beitt líkamlegu afli til að koma í veg fyrir háttsemina. Hann kvaðst því hafa vitað að hún vildi ekki að þetta gerðist.

Spurður um dóm sem hann hlaut [...] 2024 vegna kynferðisbrota gegn sambyliskonu sinni kvað ákærði brot gegn brotþola hafa átt sér stað bæði fyrir, á meðan og eftir að það mál var til meðferðar.

Varðandi ákæruliði 1 og 10 í I. kafla ákærunnar kvaðst ákærði ekki hafa fróað sér á sama tíma og hann snerti kynfæri brotþola. Hann lýsti því að þegar hann svæfði brotþola hefði hann legið hjá henni í rúminu, snert læri hennar og síðan kynfærasvæðið, án þess að fara inn í kynfærin. Þetta hefði gerst í nokkur skipti, líklega fimm sinnum, á seinni hluta ákærutímabilsins, líklega árið 2025. Tímalengd hefði verið breytileg, frá stuttum tíma upp í um tíu mínútur. Brotþoli hefði legið með lokuð augun og m.a. viðbrögð hennar ráðið lengd atvika en stundum hefði hún ýtt honum frá sér. Hann taldi sig ekki hafa horft á klám á meðan. Hann sagðist hafa átt erfitt með að hætta þegar hann hefði byrjað á þessari háttsemi og taldi sig hafa verið kynferðislega örvaðan og í einhverjum tilvikum reynt að örva brotþola, þó án þess að fróa sér á meðan. Það sama hefði átt við þegar hann hefði snert kynfæri brotþola meðan hún hefði sofið. Hann gæti þó hafa fróað sér fyrir eða eftir en ekki á meðan.

Varðandi framburð hans hjá lögreglu, þar sem hann hefði sagt að hann hefði hugsanlega strokið kynfæri brotþola á meðan hann fróaði sér, kvaðst hann hafa átt við annað tilvik. Hann mundi eftir einu skipti þar sem hann hefði snert kynfæri brotþola og fróað sér samhliða, í sófa í stofunni að kvöldi þegar móðir brotþola var í vinnu. Hann taldi að misskilningur hefði orðið í síðari skýrslutöku varðandi það hvort slíkt hefði átt sér stað á meðan brotþoli svaf. Hann jataði að hafa farið með hendurnar inn fyrir nærbuxur brotþola og snert hana, án þess að geta útskýrt tilganginn. Hann hefði verið í mikilli vanlíðan, kynferðislega örvaður og misst stjórn á sér. Hann kvað þetta hafa gerst tvisvar á síðasta ári.

Varðandi ákærulið I.6 sagði ákærði að um væri að ræða eitt skipti inni í svefnherbergi brotþola, en ekki ítrekaða háttsemi. Hann hefði beðið hana um að setjast ofan á sig gegn því að fá að vera lengur í iPad. Hann taldi sig hafa verið í nærbuxum og náttbuxum, en gæti hafa dregið þær niður og líklega verið að snerta sig. Hann mundi ekki hvort hann hefði horft á klám og kvaðst ekki hafa látið brotþola snerta sig. Hann jataði að hafa ítrekað beðið hana um þetta. Hann kannaðist einnig við eitt tilvik í sófanum þar sem brotþoli hefði sest á andlit hans í nærbuxum sem hann hefði tekið frá, en hann hefði ekki sleikt hana þá.

Varðandi ákærulið 12 kvað ákærði lýsinguna rétta að öðru leyti en því að hann hefði einungis einu sinni fengið sáðlát í munn brotþola. Hann jataði að hafa oftast fengið

sáðlát við háttsemina, m.a. á andlit hennar og koddá eins og lýst sé í ákærulið 11, en ekki ítrekað í munn hennar. Hann kvaðst hafa reynt að þrífa upp eftir sig en hugsanlega hefði eitthvert sæði farið í munn hennar án þess að hann hefði ætlað sér það. Hann taldi að brotaþoli hefði kyngt sæði hans einu sinni, líklega sofandi. Atvikið sem hann lýsti í lög-regluskýrslu hefði átt sér stað um miðbik ákærutímabilsins, án þess að hann hefði snert kynfæri brotaþola þá.

Að lokum greindi ákærði frá erfiðum uppeldisaðstæðum og andlegri vanlíðan. Hann kvaðst hafa alist upp hjá föður sem síðar greindist með alvarleg veikindi og væri nú látinn. Hann hefði verið mikið einn, liðið illa og notað tölvuleiki til að flýja aðstæður. Hann hefði verið í kannabisneyslu á árunum 2014–2017 en hætt 2018 og fengið þung-lyndislyf sem hann síðar hætti á vegna áhrifa á kynhvöt. Hann væri nú aftur á lyfjum. Hann kvaðst hafa glímt við sjálfsvígshugsanir, bæði á meðan brotin áttu sér stað og nú. Slíkar hugsanir hefðu oft komið eftir að brotaþoli sofnaði í kjölfar brota. Hann fái nú sálfræðiaðstoð í fangelsi og sú meðferð gangi vel. Ákærði lýsti djúpri iðrun og sagði ömurlegt að hafa hafið háttsemina á ný eftir að hafa tímabundið hætt henni. Hann kvað brotaþola vera barn sem hefði ekki átt þetta skilið.

Móðir brotaþola kvaðst á því tímabili sem ákæran tekur til hafa unnið á kvöldin hjá [...] og vísaði til tímaskýrslu fyrir árið 2024 sem er meðal gagna málsins. Hún kvaðst hafa hafið starf þar í tengslum við [...] í ágúst/ september 2023, sem lauk 19. september sama ár. Hún hefði haldið skrá yfir vaktir á meðan [...] stóð yfir og síðan áfram unnið þar allt þar til málið kom upp, þó án þess að halda áfram skráningu. Vaktir hefðu verið 3–7 á viku, aðallega á kvöldin en einnig á morgnana um helgar eftir að [...] lauk.

Vitnið greindi frá því að hún hefði kynnst ákærða sumarið 2018 og þau skráð sig í sambúð vorið 2020. Í ágúst sama ár hefðu þau keypt saman húsnæði. Sambandið hefði verið stormasamt; ákærði hefði ítrekað yfirgefið heimilið en alltaf snúið aftur. Árið 2022 hefði hún kallað til lögreglu og ákærði verið settur í nálgunarbann í nokkrar vikur. Fyrir um ári síðan hefði hún rekið hann af heimilinu vegna ofbeldis og niðrandi framkomu, en hann síðar fengið að flytja aftur inn. Hún kvaðst hafa óttast hann en ekki haft styrk til að hafna honum, enda með ung börn og lítið bakland. Ákærði hefði jafnframt sýnt sínar bestu hliðar til að sannfæra hana um að hann gæti breyst. Þá hefði hann fengið vinnu í nágrenni heimilisins og smám saman aukið viðveru sína þar.

Hún kvað samskipti ákærða og brotaþola hafa verið góð. Brotaþoli hefði ekki verið orðin tveggja ára þegar þau tóku saman og hefði fljótt farið að kalla ákærða pabba. Hann hefði komið fram við hana á sama hátt og við hinar dæturnar og virst elska hana jafnmikið. Vitnið kvaðst hafa verið ánægð með það þar sem brotaþoli hefði [...].

Vitnið sagðist aldrei hafa orðið vör við misnotkun ákærða gagnvart dóttur sinni, en hún hefði þó tekið eftir undarlegri hegðun. Nokkrum dögum áður en brotaþoli hefði

sagt frá hefði vitnið vaknað um miðja nótt og séð ákærða frammi í stofu við svefnherbergisdýr brotþola. Hann hefði sagst vera að veipa, en vitnið vissi að hann gerði það venjulega í þvottahúsinu og veipið hans væri þar. Henni hefði komið í hug að hann hefði verið að horfa á klámefni í tölvunni. Þegar hún hefði reynt að ræða þetta við hann í rúminu hefði hann brugðist reiður við.

Hún kvað ákærða oft hafa orðið pirraðan þegar hann þurfti að svæfa yngri dæturnar og frekar viljað sjá um brotþola á meðan hún svæfði þær. Þá hefði hann hvatt hana til að fara út á kvöldin, t.d. í leikhús eða bíó. Hann hefði oft verið pirraður á kvöldin og henni fundist hún ekki hafa annað val en að fara út. Hún hefði þá stundum ekið um í klukkustund eða lengur. Ákærði hefði getað fylgst með ferðum hennar þar sem hann hafði aðgang að staðsetningu símans hennar.

Vitnið lýsti líðan brotþola sem mjög slæmri. Hún hefði mikil einkenni áfallastreituröskunar sem hefðu versnað. Brotþoli óttaðist að fólk myndi meiða hana og hefði lýst vilja til að flytja áður en ákærði losnaði úr fangelsi. Hún upplifi mikið óöryggi, sé hrædd við myrkur, vilji ekki líkamlega snertingu nema hún sé viðbúin og segist óttast alla fullorðna. Hún hafi átt mikil skapofsaköst og hegðun hennar orðið svo erfið að vitnið hafi í eitt skipti óttast um öryggi sitt og kallað til lögreglu. Brotþoli hafi fengið aðstoð frá Geðheilsumiðstöð barna og sé nú á lyfjum. Vitnið kvað brotþola eiga erfitt með að ræða atvikin. Hún eigi erfitt með svefn og þurfi aðstoð við að sofna. Hún tali þá stundum um ákærða og vilji fá staðfestingu á að hann komi ekki. Stundum sé erfitt að koma henni í skólann á morgnana.

Vitnið lýsti eigin líðan þegar málið kom upp sem „hrikalegri“. Hún hefði þurft að leita sér aðstoðar til að takast á við áfallið. Hún hefði upplifað gríðarleg svik og yfirgang. Samband hennar við ákærða hefði einkennst af ofbeldi og síendurteknum lofordum hans um breytingar, m.a. í gegnum þátttöku í Heimilisfriði. Hún kvaðst hafa trúað því að hann væri að bæta sig, en þegar málið kom upp hefði hún áttað sig á að ekkert af því hefði verið raunverulegt. Á meðan hann sýndi henni yfirborðslega góðmennsku hefði hann verið að fremja alvarlegt ofbeldi gegn dóttur hennar.

Vitnið D, sálfræðingur í Barnahúsi, greindi frá samtölum sínum við brotþola, en hún hefði hitt hana 10 sinnum frá því í nóvember 2025. Brotþoli hafi ávallt mætt í fylgd móður sinnar, sem taki þátt í stuðningsviðtölum, en brotþoli vinni jafnframt vel ein með vitninu. Meðferðarvinna hafi byrjað hægt þar sem brotþoli hafi verið óörugg og átt erfitt með að treysta öðrum. Fyrst hafi verið tekið greiningarviðtal við brotþola og móður hennar þar sem afluð hafi verið bakgrunnsupplýsinga og metin líðan og áfallaeinkenni.

Í janúar sl. hafi verið lagðir fyrir brotþola matslistar. Þá hafi hún aðeins verið farin að kynna vitninu og verið mjög lokuð. Eftir að niðurstöður hafi legið fyrir hafi

eiginleg meðferðarvinna hafist en hún sé enn á frumstigi. Lögð hafi verið áhersla á slökun til að róa taugakerfið og unnið að því að hjálpa brotaþola að skilja og tjá tilfinningar og hugsanir. Vitnið lýsti brotaþola sem skýrri og þroskaðri stúlku. Meðferð gangi hægt en vel og brotaþoli sé jákvæð gagnvart henni.

Formleg greining hafi farið fram með matslistum og viðtölum. Eftir því sem vitnið hafi kynnst brotaþola betur hafi hún tekið eftir auknum einkennum, sem móðir hafi einnig lýst. Því hafi verið ákveðið að endurmeta áfallaeinkenni. Í janúar hafi brotaþoli verið rétt undir greiningarviðmiðum, en 5. mars hafi hún mælst yfir viðmiðum fyrir áfallastreituröskun. Vitnið kvað það ekki óvenjulegt að einkenni komi fram síðar, enda hafi fyrri fyrirlögn farið fram skömmu eftir að brotaþoli greindi frá og hún ekki enn náð áttum. Brotaþoli glími við mikla tilfinningaóreiðu og erfiða hegðun, sem séu dæmigerð einkenni áfallastreitu.

Vitnið tók fram að brotaþoli sé ung að aldri og því með óþroskaðan framheila. Í fyrstu hafi hún talið að hún gæti „gleymt“ atvikunum og verið í mikilli forðun. Nú sé hún farin að opna sig meira, glími við minningar og sýni ofurárvekni. Þá sé þekkt að börn átti sig ekki að fullu á atvikum fyrr en síðar og að þau þurfi oft á meðferð að halda á ný þegar þau nálgast kynþroska.

Vitnið C, yfirlæknir á Geðheilsumiðstöð barna, staðfesti vottorð sitt vegna brotaþola og gerði grein fyrir aðkomu stofnunarinnar að máli hennar. Hún kvað þjónustu hafa hafist hjá ráðgjafar- og meðferðarteymi vegna einkenna einbeitingarskorts, hvatvísi og tilfinningavanda. Starfsmaður teymisins hefði skimað málið og rætt við brotaþola og móður hennar. Talið hefði verið tilefni til að efla stuðning í nærumhverfi og vísa brotaþola til læknis til frekara mats á ADHD og mögulegrar lyfjameðferðar. Grunur um ADHD hefði verið til staðar áður en atvik málsins komu upp og greining verið staðfest vorið 2025. Í millitíðinni hefði verið framkvæmt skynúrvinnslumat, þar sem börn með taugaproskavanda geti verið næm fyrir skynáreitum.

Við komu til læknis hafi komið fram að brotaþoli hefði nýverið greint frá ofbeldinu. Geðheilsumiðstöðin hafi fylgst með lyfjameðferð hennar og læknir hitt hana tvisvar. Upphaflega hafi verið ákveðið að reyna svefnlyfjameðferð, en móðir fundið aðrar leiðir til að bæta svefn. Brotaþoli hafi glímt við verulegan hegðunarvanda sem hafi versnað, m.a. hafi hún legið mikið í rúminu og forðast skólasókn. Vanlíðan hafi verið augljós og ákveðið að hefja geðlyfjameðferð sem almennt sé notuð við mótþróa og erfiðri hegðun, þrátt fyrir að reynt sé að forðast slíka lyfjagjöf vegna aukaverkana. Lyfið hafi haft nokkur áhrif en ekki nægjanleg og skammturinn því verið hækkaður.

Brotaþola hafi verið fylgt eftir og um áramótin hafi ástandið róast að einhverju marki, þótt enn sé um verulegan vanda að ræða. Þá hafi verið tekin ákvörðun um að hefja einnig ADHD-lyfjameðferð, sem hún hafi hafið í byrjun árs 2026. Tilfinningavandi sé

enn til staðar, en einbeiting í skóla hafi batnað. Vitnið tók fram að mótþróahæðun sé vel þekkt hjá börnum með ADHD og geti verið birtingarmynd vanlíðanar.

Vitnið E geðlæknir staðfesti matsgerð sína og gerði stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum hennar. Hann kvað matið leiða í ljós að ákærði væri sakhæfur. Háttsemi hans hefði verið endurtekin, ákærði hefði gert sér grein fyrir að hún væri röng og beðist afsökunar í kjölfarið. Hann hefði jafnframt óttast að upp um hann kæmist og lýst því að hann hefði reynt að forðast slíka háttsemi. Þá hefði hann áttað sig á því að afleiðingar gætu orðið alvarlegar. Að mati matsmannsins bendi þessi atriði öll til þess að ákærði sé sakhæfur og að refsing geti borið árangur.

Niðurstaða

Ákærða eru gefin að sök kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni á heimili þeirra á rúmlega tveggja ára tímabili. Ákærði hefur að stærstum hluta til gengist við því sem honum er gefið að sök. Ákærði hefur þannig gengist skýlaust við þeim brotum sem honum eru gefin að sök í ákæruliðum I.2, I.3, I.4, I.5, I.7, I.8, I.9, I.11 og II. Með skýlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, einkum framburði hans og brotapolu undir rannsókn málsins, er sannað að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur gert athugasemdir við lýsingu atvika í ákæruliðum I.1, I.6, I.10. og I.12 og neitar sök að hluta til í þeim liðum. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú meginregla að dómur skuli reistur á þeim sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Þá hvílir samkvæmt 108. gr. laganna sönnunarbyrði um sekt ákærða og þau atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu. Sakfelling verður því aðeins byggð á að nægileg sönnun, sem ekki verður hrakin með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Í málum af þessu tagi ber að leggja sjálfstætt sönnunarmat á hvern ákærulið fyrir sig. Sakfelling fyrir eitt brot getur ekki þjónað sem sönnun fyrir öðru broti, þótt hún geti að vissu marki varpað ljósi á hugarfar eða hvatir ákærða, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 359/2002 og 658/2007. Varnir ákærða lúta að því að hann hafi ekki framið hluta þeirrar háttsemi sem lýst er í framangreindum ákæruliðum. Sönnun um þau atvik ræðst einkum af framburði ákærða og brotapolu sem rakinn hefur verið ítarlega hér að framan.

Ákæruliðir I.1 og I.10

Í ákærulið I.1 er ákærða gefið að sök að hafa ítrekað snert ber kynfæri brotapolu og fróað sér er hann var að svæfa hana en í ákærulið I.10 er honum gefið að sök að hafa

ítrekað snert kynfæri hennar og fróað sér á meðan hún svaf. Ákærði játaði í báðum tilvikum að hafa snert kynfæri brotþola á þann hátt sem lýst er í ákæru, en hann neitaði því að hafa fróað sér á sama tíma.

Brotþoli lýsti háttsemi eins og hér um ræðir í skýrslu sinni í Barnahúsi. Af framburði hennar verður þó ekki með fullnægjandi skýrleika ráðið að hún hafi borið um að snerting og sjálfsfróun ákærða hafi átt sér stað samtímis.

Ákærði var spurður sérstaklega út í þetta atriði við skýrslutöku hjá lögreglu. Í fyrri skýrslu sinni kvaðst hann hafa gert þetta „kannski tvisvar“, þó væri það langt síðan, líklega um ár. Hann kvaðst hafa farið með hönd undir nærbuxur brotþola á meðan hún svaf. Í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu sagði hann að þetta hefði gerst einu sinni eða tvisvar, en ekki oft.

Fyrir dómi neitaði ákærði því alfarið að hafa fróað sér á sama tíma og hann snerti kynfæri brotþola. Hann kvað þó mögulegt að hann hefði fróað sér annaðhvort áður en hann fór inn til hennar eða eftir að hann hafði snert hana. Þegar honum var kynntur framangreindur framburður hans hjá lögreglu taldi hann að hann hefði verið að vísa til annars tilviks og lýsti því að hafa einu sinni fróað sér í stofunni á sama tíma og hann snerti kynfæri brotþola. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir við síðari skýrslutökuna að spurt hefði verið um tilvik þar sem brotþoli svaf.

Eins og hér hefur verið rakið gekkst ákærði tvisvar sinnum við því í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa snert kynfæri brotþola á meðan hún svaf og fróað sér á sama tíma. Í fyrri skýrslutökunni var hann spurður beint hvort hann hefði strokið kynfæri hennar á meðan hann fróaði sér og tók hann þá sjálfur fram að hún hefði verið sofandi. Hann taldi að þetta hefði gerst „kannski tvisvar“. Í síðari skýrslutökunni var honum kynnt að vísað væri til fyrri framburðar hans þar sem hann lýsti því að brotþoli hefði verið sofandi. Hann var spurður hvort rétt væri að þetta hefði gerst tvisvar eða oft. Hann svaraði þá að þetta hefði ekki gerst oft og bætti við: „Á meðan hún var sofandi, það var einu sinni eða tvisvar. Ég held það hafi bara verið einu sinni.“

Af framangreindu verður ráðið að framburður ákærða hjá lögreglu var skýr og afdráttarlaus. Ekki verður séð að sá misskilningur geti átt við rök að styðjast að hann hafi verið að vísa til tilviks í stofunni, þar sem brotþoli var hvorki sofandi né verið að svæfa hana. Breyttur framburður ákærða fyrir dómi verður því metinn ótrúverðugur og honum hafnað.

Ekki verður þó talið sannað að ákærði hafi ítrekað snert ber kynfæri brotþola og fróað sér á meðan hann var að svæfa hana og verður hann því í ákærulið I.1 einungis sakfelldur fyrir að hafa ítrekað snert ber kynfæri brotþola meðan hann svæfði hana. Í ákærulið I.10 verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa ítrekað snert kynfæri brotþola á meðan hún svaf og fyrir að hafa einu sinni til tvisvar fróað sér á sama tíma.

Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki hafa farið inn í kynfæri brotaþola en hann hefði strokið þau í mislangan tíma, allt að 10 mínútur. Hann lýsti því að hann hefði verið kynferðislega örvaður og að hann hefði í einhverjum tilvikum verið að reyna að örva brotaþola kynferðislega. Með vísan til framangreinds er háttsemi ákærða í umræddum ákæruliðum rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður I.6

Í ákærulið I.6 er ákærða gefið að sök að hafa ítrekað látið brotaþola sitja klovvega á andliti sínu og sleikt ber kynfæri hennar. Ákærði gengst við slíkri háttsemi í eitt skipti en hafnar því að hún hafi verið ítrekuð.

Í framburði brotaþola í Barnahúsi lýsti hún því að ákærði hefði látið hana setjast ofan á andlit sitt. Hún kvaðst í fyrstu hafa neitað og bent á að hún kynni að meiða hann, en ákærði hefði engu að síður tekið hana og sett á andlit sitt. Hún greindi frá tveimur tilvikum af þessu tagi, en að ákærði hefði þó oftár beðið hana um slíkt. Í öðru tilvikinu hefði hún þurft að „gera eitthvað“. Þá hefði ákærði látið hana setjast á andlit sitt en hún náð að hlaupa burt þar sem hann hefði verið að snerta kynfæri sín og ekki haldið í hana. Í hinu tilvikinu hefði ákærði tekið hana, sett hana ofan á andlit sitt og dregið niður nærbuxur hennar. Hún hefði reynt að komast undan en ákærði haldið henni fastri. Hann hefði ekkert gert annað en að láta hana sitja þannig, en hún reynt að losna og að lokum sparkað í hann og komist undan. Hún lýsti því að hafa fundið fyrir skeggi hans og húð og að henni hefði þótt þetta óþægilegt.

Í síðari skýrslu ákærða hjá lögreglu var hann spurður hvort hann hefði beðið brotaþola um að sitja ofan á andliti sínu. Hann játaði það og kvaðst hafa gert slíkt í ástandi kynferðislegrar örvunar í svefnherbergi hennar. Hann hefði lagst á gólfið og beðið hana um að setjast ofan á sig, en myndi aðeins eftir einu tilviki. Hann taldi þó mögulegt að annað tilvik hefði átt sér stað og lýsti því að hann hefði þá legið í sófanum, brotaþoli setið ofan á honum og hann fært hana upp á andlit sitt, en hún hefði þá verið í nærbuxum. Hann neitaði því að hafa haldið henni fastri.

Fyrir dómi bar ákærði að einungis hefði verið um eitt skipti að ræða, inni í svefnherbergi brotaþola. Hann hefði þá beðið hana um að setjast ofan á sig gegn því að fá að vera lengur í tölvu og taldi að hann hefði snert kynfæri sín meðan á þessu stóð. Þá kannaðist hann við eitt tilvik í sófanum þar sem brotaþoli hefði setið á andliti hans í nærbuxum sem hann hefði fært frá, en hann kvaðst ekki hafa sleikt hana í því tilviki.

Brotaþoli var níu ára gömul þegar hún gaf framburð í Barnahúsi. Framburður hennar er engu að síður skýr og nákvæmur. Þá er hann afar trúverðugur og fær stoð í framburði ákærða um marga þætti. Hún lýsti tveimur tilvikum þar sem ákærði hefði látið hana setjast á andlit sitt, en greindi ekki með beinum hætti frá því að hann hefði þá sleikt kynfæri hennar, þótt hún segði slíkt hafa gerst oft. Ákærði lýsir einnig tveimur tilvikum

þar sem brotaþoli hafi setið á andliti hans. Verður ekki annað ráðið en að þau lýsi sömu tveimur atvikum. Ákærði hefur viðurkennt að annað þeirra falli ótvírætt undir ákæruliðinn. Í hinu tilvikinu neitar hann því að hann hafi sleikt kynfæri brotaþola, en játar engu að síður að hafa látið hana setjast á andlit sitt og fært nærbuxur hennar frá. Brotaþoli lýsti því að hún hefði sparkað í ákærða og náð að losna.

Með hliðsjón af framburði beggja verður að leggja til grundvallar að háttsemi ákærða í síðara tilvikinu falli undir 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sakfelldur í þessum ákærulið fyrir að hafa í eitt skipti látið brotaþola sitja klovvega á andliti sínu og sleikt kynfæri hennar og fyrir að hafa í eitt skipti gert tilraun til slíkrar háttsemi og verður háttsemin að öðru leyti heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður I.12

Ákærða er í þessum ákærulið gefið að sök að hafa ítrekað sett getnaðarlim sinn á varir og upp í munn brotaþola þar sem hún svaf og fengið sáðlát í munn hennar. Ákærði játar háttsemina að öðru leyti en því að hann kvaðst einungis hafa fengið sáðlát í munn brotaþola einu sinni en ekki ítrekað.

Brotaþoli lýsti því að ákærði hefði ítrekað sett kynfæri sín í og við munn hennar á meðan hún svaf og að hún hefði stundum vaknað við það. Þá kvaðst hún hafa vaknað með bleytu í andliti, á kinnum og kringum munn, eða með þornað sæði á sér. Hún sagðist hafa fundið fyrir óþægilegu bragði þegar sæði hefði farið í munn hennar.

Í fyrri skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa sex til sjö sinnum látið getnaðarlim sinn snerta varir brotaþola „eða eitthvað svoleiðis“ þegar hann fór inn til hennar þegar hún var sofandi. Spurður hvert sæði hans hefði farið við sáðlát kvaðst hann hafa fengið sáðlát nokkrum sinnum framan í brotaþola eða á kodda hennar. Hann taldi að brotaþoli hefði einu sinni kyngt sæði hans og lýsti því að hafa fróað sér á hnjúnum fyrir framan hana eftir að þau hefðu samið um að hann mætti gera það gegn greiðslu í tölvuleik. Í síðari skýrslu lýsti hann því að hann hefði umrætt sinn miðað upp í hana og hún virtist hafa fengið sæði í munninn. Hann taldi jafnframt hugsanlegt að sæði hefði farið í munn brotaþola í öðrum tilvikum þegar hann fróaði sér yfir henni sofandi.

Fyrir dómi bar ákærði að hann hefði oft fengið sáðlát við þá háttsemi sem lýst er í ákæruliðnum, en einungis einu sinni þannig að það hefði farið í munn brotaþola. Í hinum tilvikunum hefði sæði farið á andlit hennar og kodda. Hann kvaðst hafa reynt að þrifa upp eftir sig en útilokaði ekki að eitthvert sæði hefði farið í munn hennar. Þá taldi hann að brotaþoli hefði einu sinni kyngt sæði hans og þá líklega verið sofandi.

Í 11. lið I. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa staðið yfir brotaþola þar sem hún svaf og fróað sér uns hann fékk sáðlát í andlit hennar og á kodda. Hann hefur játað sök samkvæmt þeim ákærulið. Ákærði telur að í þeim tilvikum sem lýst er í 12. lið

hafi hann einu sinni fengið sáðlát í munn brotþola en í öðrum tilvikum með sama hætti og lýst er í 11. lið. Brotþoli lýsti því að hafa fengið sæði framan í sig og í og við munn en gat ekki greint á milli einstakra skipta að þessu leyti.

Framburður ákærða hjá lögreglu samræmist framburði hans fyrir dómi að því er varðar að sæði hafi farið á andlit og kodd brotþola og að mögulegt sé að það hafi einnig farið á varir hennar eða í munn án þess að hann hafi ætlað sér það. Hann lýsti jafnframt einu tilviki þar sem hann fékk sáðlát í munn hennar af ásetningi. Ekki þykir unnt að telja framburð ákærða um þetta ótrúverðugan.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi fengið sáðlát í munn brotþola oft en einu sinni eftir að hafa sett getnaðarlim sinn á varir hennar og inn í munn hennar þar sem hún svaf. Ákærði verður því sakfelldur fyrir háttsemina samkvæmt 12. lið ákærunnar að því undanskildu að hann hafi einungis einu sinni fengið sáðlát í munn brotþola. Er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunni.

Refsing, bótakrafa og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 7. janúar 2026, var ákærði dæmdur í fangelsi í fimm ár, skilorðsbundið í fjögur ár, fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 218. gr. b, 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 199. gr. a í almennum hegningarlögum með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2024 en dómurinn var birtur ákærða 16. sama mánaðar. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir voru framin frá vori ársins 2023 fram að hausti 2025 og voru þau því framin bæði fyrir og eftir uppkvaðningu framangreinds dóms. Verður ákærða því gerður hegningarauki að því er varðar tímabilið fyrir uppkvaðningu dómsins en með brotum sínum sem framin voru eftir uppkvaðningu dómsins hefur ákærði rofið skilorð dómsins. Verður dómurinn því dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. ákvæði 60. gr., sbr. 77. og 78. gr., almennra hegningarlaga.

Undir meðferð málsins var E geðlæknir dómkvaddur sem matsmaður til að meta sakhæfi ákærða. Samkvæmt matsgerð hans, dags. 18. febrúar 2026, á hvorki 15. né 16. gr. almennra hegningarlaga við um ákærða. Fram kemur að ekkert í sögu ákærða, viðtali eða skoðun gefi tilefni til að efast um sakhæfi hans. Honum hafi verið ljóst eðli verknaðanna, hann hafi kviðið þeim og beðist afsökunar eftir á en engu að síður endurtekið háttsemina. Ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að refsing geti ekki borið árangur. Fram kemur þó að almennt geðheilbrigði ákærða sé viðkvæmt og hann fari gjarnan í tímabil vanlíðanar. Hann leggi gjarnan ábyrgð gerða sinna á aðra og það gæti verið honum áfall ef afleiðingar yrðu af brotum hans en slíkt gæti ýtt undir sjálfsvígshættu hjá honum. Að framangreindri matsgerð virtri verður að telja nægjanlega fram komið að 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um ákærða.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess til mildunar refsingar að ákærði hefur gengist greiðlega við flestum brotum sínum, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Til þyngingar refsingar horfir að brot ákærða voru margendurtekin, námu tugum skipta, og stóðu yfir í um tveggja og hálfis árs tímabil, að frátöldu nokkurra mánaða hléi á árinu 2024. Brotin beindust að ungu barni sem ákærða var treyst fyrir í hlutverki stjúp-föður. Brotapoli var einungis sex ára gömul þegar brotin hófust. Háttsemin fól í sér alvarlegt og gróft brot á því trúnaðar- og öryggissambandi sem brotapoli mátti treysta á innan heimilis síns, en ákærða bar að tryggja velferð hennar og vernd. Brotin voru afar gróf og ljóst að ásetningsstig ákærða var hátt. Þá verður að líta til þess að ákærði braut ítrekað kynferðislega gegn móður brotþola og hlaut dóm vegna þess á því tímabili sem brot hans ná til. Að öllu framangreindu virtu og með vísan til 1., 2., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr., 77. gr., 78. gr. og a- og c-liðar 1. mgr. 195. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða gert að sæta fangelsi í 13 ár. Gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 15. október 2025 dregst frá refsingunni.

Mikilvægt er að við fullnustu refsingarinnar verði litið til stöðu ákærða og þess gætt að hann fái þá heilbrigðisþjónustu sem hann þarf á að halda. Vegna þess sem fram er komið um geðhagi ákærða skal tekið fram að samkvæmt 29. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Jafnframt getur Fangelsismálastofnun eftir 22. gr. sömu laga heimilað að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.

Af hálfu brotþola er gerð krafa um 6.000.000 króna í miskabætur. Ákærði hefur fallist á bótaskyldu en mótmælir fjárhæð kröfunnar sem of hárrí. Brotapoli á rétt til miskabóta úr hendi ákærða samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á hæfilegri fjárhæð miskabóta ber að líta til aldurs brotþola, alvarleika og umfangs brotanna og þess hve lengi þau stóðu yfir. Brotapoli lýsti í skýrslu sinni í Barnahúsi verulegri vanlíðan og svefntruflunum í kjölfar brotanna. Þá liggur fyrir að móðir hennar hefur lýst miklum áhrifum brotanna á líðan hennar og daglegt líf. Fyrir liggja jafnframt vottorð frá sálfræðingi í Barnahúsi og geðlækni á Geðheilsumiðstöð barna þar sem rakin eru mjög alvarleg og viðvarandi andleg áhrif brotanna, sem ljóst er að unnið verður með um ókominn tíma. Með hliðsjón af framangreindu verður að leggja til grundvallar að afleiðingar brotanna séu bæði miklar og langvarandi fyrir brotþola. Þegar litið er til þessara atriða í heild og höfð hliðsjón af dómi Landsréttar í máli nr. 782/2023 þykir rétt að verða við kröfu brotþola eins og hún er fram sett. Ber miskabótakrafan vexti eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Elimars Haukssonar lögmanns, 5.654.400 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.607.970 krónur. Þá greiði ákærði 253.213 krónur í annan sakarkostnað. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson, settur varahéraðs-saksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 13 ár. Gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 15. október 2025 dregst frá refsingu.

Ákærði greiði A 6.000.000 króna með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. júní 2023 til 14. febrúar 2026, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Elimars Haukssonar lögmanns, 5.654.400 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.607.970 krónur, og 253.213 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir